



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni byr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2018-2019

Fag: Val

Bekkur/samkennsluhópur: Unglingastig

Kennari/kennarar: Benedikt H. Hermannsson, Þórunn Eymundardóttir, Þorkell Helgason og Guðrún Ásta Tryggvadóttir.

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 2

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið:

Tímabil: Allt árið

Efni/þema sem tekið er fyrir

Á fyrstu önn er nemendum boðið upp á þrjú viðfangsefni: Myndbandagerð, tímaritsútgáfa og kofasmíði. Nemendur velja tvennt af og tilgreina hvað þeir vilja helst gera. Nemendum er skipt eftir vali og jafnað í hópum með því að veita sumum sitt annað val – en þeir fá þá sitt fyrsta val á næstu önn.

Þessi þrjú viðfangsefni eru hugsuð eins og rammar utan um frjálst val. Þegar nemandi hefur til dæmis valið sér að fást við myndbandsgerð hefur hann frjálsar hendur með hvernig myndband hann gerir, með hverjum það er gert osfv. Þessir rammar hjálpa nemendum að ná tókum á annars frjálsum vinnubrögðum og eru hugsaðir sem inngangur að unglingsvali, þar sem nemendur hafa algjörlega frjálsar hendur með sín verkefni.

Á annarri önn velja nemendur aftur og geta því fært sig svolítið til innan áðurnefndra ramma.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

Að nemendur þekki helstu hugmyndir á bakvið sköpunarferlið.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Að nemendur kynnist öllum hliðum sköpunarferlisins af eigin raun.

Að nemendur læri að vinna hugmyndavinnu, setja sér markmið og vinna jafnt og þétt að þeim.

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í öllum stigum sköpunarferlisins og séu óhræddir við að framkvæma eigin hugmyndir og sýni öðrum tillitssemi.

Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöfum

Grunnpáttur	Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig)	Virkt beint	Óbeint
Læsi	Skapandi vinna, hugmyndavinna. Nemendur verða læsir á umhverfi sitt og sjálfa sig.	x	
Sköpun	Aðalviðfangsefni þessa tíma er sköpunarferlið.	x	
Lýðræði Mannréttindi	Sköpun í hóp er frábær leið til að vinna með lýðræði, mannréttindi og jafnrétti á beinan hátt.	x	
Jafnrétti	Sjá fyrir ofan.	x	
Heilbrigði og velferð	Skapandi vinna, hugmyndavinna. Nemendur verða læsir á umhverfi sitt og sjálfa sig. Með því að vera læs á sjálfan sig og umhverfi sitt öðlast nemendur færni til að takast á við andlega velferð.		x
Sjálfbærni	Að ná tökum á skapandi vinnubrögðum er grundvallarforsenda fyrir almennri sjálfbærni í lífinu.		x

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöfum

Lykilhæfni nemenda	Dæmi um útfærslu sem nýtt verður
Tjáning	Nemendur útfæra eigin hugmyndir á ýmsum sviðum.
Hlustun	Hlustun fer fram þegar verk annarra eru skoðuð í þeim tilgangi að finna eigin verki farveg. Einnig fer hlustun fram í hugmyndavinnu (allir taka tillit til hugmynda annarra).
Miðlun upplýsinga og þekkingar	Nemendur kynna eigin verk í lok annar.
Skapandi úrvinnsla	Meginviðfangsefni annarinnar er skapandi úrvinnsla nemenda á eigin hugmyndum.
Gagnrýnin hugsun	Skapandi vinna. Einn af grunnþáttum sköpunarferlisins er að meta verkið á mismunandi stigum, ræða það á gagnrýninn hátt og komast að niðurstöðu.
Sjálfstæði	Sköpun í hópi. Hver og einn tekur þátt í hugmyndavinnu og framkvæmd hugmynda og tekur sjálfur afstöðu til þess hvaða hlutverk hann leikur í því að bera hana á borð fyrir aðra. Þetta frelsi felur í sér að mikil ábyrgð er lögð á hvern og einn nemanda, sem kennir þeim að vinna sjálfstætt.
Samvinna	Hugmyndavinna. Nemendur vinna einstaklingsverkefni en vinna hugmyndavinnu saman.
Nýting miðla og upplýsinga	Allir miðlar standa nemendum til boða til þess að afla sér upplýsinga og til að sækja sér innblástur.
Ábyrgð á eigin námi	Sjá sjálfstæði.
Seigla/úthald	Skapandi vinna er erfið. Að vinna hugmyndavinnu oft og lengi í einu krefst mikillar einbeitingar og það getur verið erfitt að halda sér við efnið. Einnig getur verið erfitt að komast frá því að gera eitthvað ófullkomið yfir í það að gera eitthvað sem nemandinn er ánægður með. Það krefst æfingar, seiglu og úthalds.
Mat á eigin námi	Umræður fara fram um vinnu hópsins í hverjum tíma. Samræður um tilbúin verk eru ekki síður mikilvægar til að meta afrakstur vinnunnar.

Helstu kennsluaðferðir

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Útlistunarkennsla | <input type="checkbox"/> Útikennsla/útinám |
| <input type="checkbox"/> Þulunám/þjálfunaræfingar | <input type="checkbox"/> Söguaðferð |
| <input type="checkbox"/> Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir | |
| <input type="checkbox"/> Umræða/spurnaraðferðir | <input type="checkbox"/> Kann, vill vita hef lært |
| <input type="checkbox"/> Leitarnám | <input type="checkbox"/> Hópavinna |
| <input type="checkbox"/> Spil/námsleikir | <input type="checkbox"/> Þemanám |
| <input type="checkbox"/> Samvinnunám | <input type="checkbox"/> Verklek kennsla (LBD) |
| <input type="checkbox"/> Annað | <input type="checkbox"/> Samþætt markvisst við aðrar námsgrein |

Hvað? Skapandi vinna. Umræður, spunaaðferðir.

Hvaða?

Heimanám:

- Daglega 2-3 sinnum í viku 1 sinni í viku 1 sinni til tvisvar í mánuði
- Nánast ekkert Frjálst/ nemendastýrt Ekkert heimanám

Námsmat:

Hlutfall sjálfsmats:

Hlutfall verkefnaskila:

Hlutfall símats kennara:

Hlutfall lokamats:

Verkefnaþappa og/eða vinnubækur:

Leiðsagnarmat nýtt: já () Nei ()

Nemendur fá umsögn í lok annar

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng:

Benedikt, Þórunn, Þorkell, Guðrún Ásta

Undirskrift kennara

Seyðisfjarðarskóli september 2018